BYGGINGARLÝSING

BRÚSASTAÐIR 2

Landnúmer: L120568

Helstu stærðir

2. hæð	338,2 m³
1. hæð	304,6 m³
Botnplata	19,8 m³
Samtals	662,6 m³

2. hæð	94,3 m²
1. hæð	103,0 m²
Samtals	197,3 m²

Stærð lóðar:	400m²
Nýtingarhlutfall:	0,49

Stærð fyrir breytingu:	122,4 m² (Samkvæmt fasteignamati)
Stærð eftir breytingu:	197,3 m²
Stækkun:	74,9 m²

Stærð fyrir breytingu:	388,0 m³ (Samkvæmt fasteignamati)
Stærð eftir breytingu:	662,6 m³
Stækkun:	274,6 m³

ALMENNT

Sótt er um að byggja við húsið á eftirfarandi hátt.

Útveggir, gólf og þak:
Einbýlishús á tveimur hæðum þar sem byggt er með krosslímdum timbureiningum (KLT) ofan á núverandi hæð (steypt plata) en þak verður rifið. Fyrsta hæð er sambland af staðsteyptum veggjum og veggjum úr holsteini, byggt 1961 samkv. fasteignaskrá en hönnuður óþekktur.
Breytingar á innra fyrirkomulagi neðri hæðar: Styrkingar úr stáli verða festar utan á núverandi hús þar sem þarf.
Yfir lárétt samskeyti veggeininga og steypts sökkuls skal bræðast 15 cm breiður renningur af tjörupappa.
Gólf nýbyggingar er úr KLT og kemur það ofan á núverandi steypta plötu og stendur út fyrir hana.

Á útveggjaeiningar komi fyrst öndunardúkur, þvínæst 100mm steinullareinangrun (80kg/m3). Einangrun er klemmd að einingum með 22x60mm krossviðarrenningum og öndunardúkur klemmist á milli einangrunar og krossviðs. Húsið er síðan klætt að utan með tveimur mismunandi klæðningum utan á krossviðarrenningana. Annars vegar lóðrétt, óméðhöndluð Lerkiklæðning á efri húshluta en sesmentstrefjaplötur á núverandi útveggi (1. Hæðar). Að innan fær náttúruleg áferð KLT eininga fær að njóta sín. Ekki er vitað hvort eða með hvaða hætti botnplata núverandi húss er einangruð.

Þak er annars vegar einhalla og hins vegar flatt. Einhalla þak er með 11,2° halla en flatt þak hefur lágmarkshalla skv. byggingarreglugerð (1:40). Ofan á þakplötu komi bræddur pappi, svo 200m harðpressuð steinullareinangrun og efst 28mm harðpressuð steinullarplata, 180-200 kg/m³ og loks tvö lög af þakpappa af viðurkenndri gerð. Ofan á þakdúk komi þar til gerður takkadúkur og lyngtorf. Þakkantur varinn með óbrennanlegu efni s.s. sementstrefjaplötum. Takkadúkur og þakdúkur verði úr tregbrennanlegum efnum ellegar verði 50mm þéttpressuð steinullareingangrun notuð sem millilegg. Undir þakplötu komi, lagnagrind og klæðning í flokki 1 í alrými. Í öðrum rýmum er niðurtekið loft með klæðningu í flokki 1.

Gluggar og útihurðir:
Allir gluggar eru verksmiðjuframleiddir ál-timbur gluggar af viðurkenndum framleiðanda með slitinni kuldabrú. Gler er tvöfalt k-einangrunargler, tegund er háð samþykki aðalhönnuða og verkkaupa. Hurðir út á svalir eru tré-ál hurðir. Gluggar skulu uppfylla kröfur um einangrunargildi og vera vottaðir af NMI. Gler í hurðum og þar sem gler í gluggum er nær gólfi/jarðvegi en 60 cm er hert-/öryggisgler og þar sem fallhætta er til staðar er öryggisgler í samræmi við leiðbeiningarblöð NMI rb(31) 121, nt 1-2-3 eftir því sem við á.

Innveggir, innihurðir:
Innveggir verða annars vegar hefðbundnir gifsveggir (70mm blikkstoðir, 12mm krossviður og 13mm gifs, spartlað og málað) en hins vegar ómeðhöndlaðir veggir úr KLT. Allar innihurðir eru timbur.

Svalir og stigar:
Svalir koma ofan á núverandi steypta þakplötu 1. hæðar. Reiknað er með harðpressaðri steinullareinangrun, þakdúk og steyptum hellum. Svalahandrið eru úr hertu öryggisgleri og nær efri brún þeirra upp í 110 cm mælt frá frágengnu svalagólfi skv. byggingarreglugerð. Op milli glerskífa verða ekki meiri en 89 mm. Ofan á glerskífur er settur samfelldur handlisti með fullnægjandi festingum eða öðrum frágangi sem tryggir fullnægjandi fallvörn ef gler brotnar. Stigar og hvíldarpallur milli hæða innan húss eru gerðir úr CLT einingum. Stigahandrið er úr lóðréttum stálprófílum með einfoldum flatstálshandlista.

Lagnir, upphitun og loftræsing:
Notast verður við inntök núverandi húss sem eru staðsett í þvottahúsi. Þar eru mælistöðvar og stofnkranar staðsettir. Hámarkshitastig neysluvatns við töppunarstaði fer ekki yfir 65°C. Gólfhitikerfi er í húsinu. Affall frá húsinu fer í núverandi rotþró. Rotþró verður skipt út fyrir lífræna hreinsistöð (WPL diamond) sem notast ekki við siturlögn.

Loftræsing:
Byggingin er að mestu náttúrulega loftræst með gluggum og hurðum. Fyrir ofan svalahurðir eru loftristar til jöfnunar á loftþrýstingi. Öll gluggalaus rými ásamt votrýmum eru vélrænt loftræst skv. gildandi ákvæði byggingarreglugerðar.

Eldvarnir:
Valdar krosslímdar timbureiningar uppfylla annars vegar að útveggur sé El60. Flóttaleiðir eru í gegnum aðalstiga niður í gegnum fyrstu hæð annars vegar en út á svalir hins vegar. Auk þess verða björgunarop frá svefnrýmum. A.m.k. 2 reykskynjarar verða á hvorri hæð. Slökkvitæki verða eitt á hvorri hæð. Allar klæðningar verða a.m.k. í flokki 2. Eldstæði og reykhátur skulu uppfylla viðeigandi kröfur um eldvarnir sbr. greinar 9.6.5. og 9.6.6 í byggingarreglugerð.

Aðgengi og algild hönnun:
Hver íbúð skal vera aðgengileg eins og hægt er, þröskuldar á útidyrahurð, hurð út í garð og bílskúrshurð er ekki hærri en 2.5cm og enginn þröskuldar eru á innihurðum, nema hurð í El60 vegg, þar er þröskuldur sem uppfyllir brunakröfur.
Auðvelt er að breyta íbúðinni svo hún uppfylli algilda hönnun með óverulegum breytingum á innréttingum og léttum innveggjum.

Sorp:
Pláss fyrir þrjár tunnur verður við húsið, svo gera má ráð fyrir frekari flokkun á sorpi til framtíðar.

Lóð:
Ekki er gert ráð fyrir breytingu á lóð og bílastæðum en reiknað með að gerður verði pallur sunnan megin við húsið.

U-gildi - Leiðnitap byggingarhluta:
Einangrunargildi byggingarhluta
(W/m2/k):
Reiknast með U gildi skv. byggingareglugerð, hitastig > 18 °C.
Gólf og sökklar:
Ekki er vitað hvernig gólfplata er einangruð.
Útkragandi byggingarhluti 0,30 W/m2/k - 100 mm steinull
Útveggur, timtré:
0,30 W/m2/k - 100 mm steinull
Þak:
0,17 W/m2/k – m.t. 200 mm steinull
Gluggar og hurðir:
2,00 W/m2/k - K-gler
Reiknað leiðnitap á fermeter gólfs
upphitaðra rýma á °c 1,11 W/m2°c





4 Afstöðumynd
1 : 200

Samþykkt þann
12. JAN. 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

SHS
11.01.2022

BR.	DAGS.	BREYTING	YFIRF.	TEIKN.

TENDRA ARKITEKTÚR

Laugarnesvegur 178, 105 Reykjavík, kt: 550811-0550 S:571-4560, tendra@tendra.is, www.tendra.is

Jóhann Sigurðsson Arkitekt FAÍ	kt: 030874-3239
Þorleifur Eggertsson Arkitekt FAÍ	kt: 040163-4849
Þórarinn Malmquist Arkitekt FAÍ	kt: 031071-5269

Hönnuður aðal- / séruppdrátta
Hönnunarstjóri

BRÚSASTAÐIR 2

BYGGINGARLÝSING - AFSTÖÐUMYND

HANNAÐ / TEIKN.: SHT/HS
YFIRFARIÐ: JS

MKV.:	BLAÐST.:		
1 : 200	A1	Reykjavík:	17.12.2021

VERKNR.	ÆTIÐ	ÚTGÁFA
1604	1.00	

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.